

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 131/1227
komudagur 8.4.2005

7. apríl 2005
Tilvísun: 2005030075

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.


Vísað er til bréfs yðar, dags. 11. mars 2005, þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál. Frumvarpið felur í sér tillögur um nýja stofnun, Neytendastofu, og nýtt embætti talsmanns neytenda.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri. Fjármálaeftirlitið telur að með stofnun embættis talsmanns neytenda sé komið á fót mikilvægu úrræði fyrir neytendur sem skortir leiðbeiningar um hvert leita skuli með umkvörtunarefni sín innan stjórnarsýslunnar. Fjármálaeftirlitið lítur á talsmann neytenda sem samskiptaaðila sem unnt væri að vísa neytendum til í þeim tilfellum er erindi þeirra heyrir ekki efnislega undir verksvið Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið telur því mikilvægt að embættið njóti sjálfstæðis í störfum sínum og sé óháð fyrirmælum frá öðrum aðilum. Í því sambandi má m.a. benda á að mikilvægt sé að tryggt verði að störf talsmanns neytenda verði ekki háð rekstrarfyrirkomulagi Neytendastofu en með ákvæði frumvarpsins um samnýtingu starfsfólks gæti t.d. skapast hættu á að störfum talsmanns neytenda, t.d. afköst og vinnuhraði, verði að einhverju leyti stjórnað af ákvörðunum forstjóra Neytendastofu. Slíka árekstra gæti þó verið unnt að koma í veg fyrir með nákvæmari reglum um nýtingu og verkaskiptingu starfsmanna Neytendastofu í reglugerð er ráðherra hefur heimild til að setja um skipulag og starfsemi Neytendastofu, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rut Gunnarsdóttir